
SALAMANCA- YFIRLÝSINGIN

og

RAMMAÁÆTLUN UM AÐGERÐIR

vegna nemenda með sérþarfir

**Alþjóðleg ráðstefna um menntun
nemenda með sérþarfir**

Salamanca, Spáni, 7.-10. júní 1994

*Menningarmálastofnun
Sameinuðu þjóðanna*

*Menntamálaráðuneytið
á Spáni*

Salamanca- yfirlýsingin og rammaáætlun um aðgerðir vegna nemenda með sérþarfir. Keneva Kunz þýddi, staðfært af starfsmönnum menntamálaráðuneytisins.

Desember 1995

1995 Menntamálaráðuneytið

Útgefandi: Menntamálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 4
150 Reykjavík
Sími: 560 9500
Bréfsími: 562 3068

Umbrot: Menntamálaráðuneytið

Prentun: Svansprent

Rit þetta er heimilt að afrita nema í söluskyni

ISBN 9979-50-7

Formáli

Á ráðstefnu sem haldin var af UNESCO og spænska menntamálaráðuneytinu í júní 1994 í borginni Salamanca á Spáni var samþykkt yfirlýsing og rammaáætlun um kennslu barna með sérþarfir.

Á ráðstefnunni voru fulltrúar frá 92 ríkjum, þ. á m. frá Íslandi, og 25 alþjóðasamtökum sem ætlað var að ræða og móta stefnu um skóla fyrir alla.

Yfirlýsingin og rammaáætlunin um aðgerðir vegna nemenda með sérþarfir er kölluð Salamanca - áætlunin.

Í áætluninni kemur fram einróma samþykki allra þátttakenda um framtíðarmarkmið og stefnu í kennslu nemenda með sérþarfir.

Menntamálaráðuneytið væntir þess að yfirlýsingin og rammaáætlunin um aðgerðir vegna nemenda með sérþarfir geti orðið Íslendingum að leiðarljósi.

SALAMANCA-

YFIRLÝSINGIN

·UM GRUNDVÖLL,

STEFNU OG FRAMKVÆMD

Í MÁLEFNUM NEMENDA MEÐ SÉRÞARFIR

VIÐ ÍTREKUM rétt hvers einstaklings til menntunar, eins og kveðið er á um í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna frá 1948, og staðfestum það fyrirheit, sem samfélag þjóðanna gaf árið 1990 á Alþjóðaráðstefnunni um menntun öllum til handa, að sá réttur verði öllum tryggður, hversu sundurleitir sem einstaklingarnir eru.

VIÐ HÖFUM HUGFASTAR endurteknar yfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, síðast og eindregnast í Viðmiðunarreglum um jöfnun tækifæra fyrir fatlað fólk, samþykktum árið 1993, þar sem lagt er að ríkjum heims að tryggja að skólaganga fatlaðra verði heildstæður þáttur í almenna menntakerfisinu.

VIÐ GERUM OKKUR GREIN FYRIR þeirri ánægjulegu breytingu sem orðið hefur með aukinni viðleitni af hálfu ríkisvalds, hagsmunasamtaka og foreldrasamtaka og ekki síst samtaka fatlaðra til að auðvelda skólagöngu þorra þeirra sem háðir eru sérþörfum og enn eiga vanda sinn óleystan. Virk þátttaka háttsettra fulltrúa margra ríkisstjórna, sérstofnana og alþjóðasamtaka á þessari alþjóðaráðstefnu staðfestir þennan áhuga

1.

Í ljósi þessa viljum við, fulltrúar 92 ríkisstjórna og 25 alþjóðlegra samtaka, saman komnir í Salamanca á Spáni dagana 7. til 10. júní 1994 á alþjóðlegri ráðstefnu um menntun nemenda með sérþarfir, staðfesta skuldbindingar okkar við markmiðið um menntun öllum til handa og viðurkenna brýna nauðsyn þess að veita börnum, ungmennum og fullorðnum með sérþarfir á sviði menntunar, menntun innan almenna skólakerfisins. Jafnframt tökum við undir Rammaáætlun um aðgerðir vegna nemenda með sérþarfir og væntum þess að ríki og stofnanir hafi að leiðarljósi þann boðskap sem felst í ákvæðum hennar og tillögum.

2.

Við lýsum yfir þeirri sannfæringu okkar að

- * menntun sé frumréttur hvers barns og skylt sé að gefa því kost á að ná og viðhalda viðunandi stigi menntunar;
- * börn séu mismunandi og hafi sérstök áhugamál, hæfileika og námsþarfir;
- * í skipulagi menntakerfis og tilhögun náms beri að taka mið af miklum mun á einstaklingum og þörfum þeirra;
- * einstaklingar með sérþarfir á sviði menntunar skuli hafa aðgang að almennum skólum og þar beri að mæta þörfum þeirra með kennsluáðferðum í þeim anda að mið sé tekið af barninu;
- * almennir skólar séu virkasta aflið til að sigrast á hugarfari mismununar, móta umhverfi sem tekur fötluðum opnum örmum, móta þjóðfélag án aðgreiningar og koma á menntun öllum til handa; enn fremur megni þeir að veita þorra barna góða menntun og stuðli að skilvirkni menntakerfisins í heild og bæti, þegar til lengdar lætur, nýtingu fjármuna.

3.

Við skorum á stjórnvöld allra landa að

- * leggja á það allt kapp, bæði í stefnumótun og með fjárveitingum, að koma fram umbótum á menntakerfum landanna svo að þau verði fær um að sinna öllum börnum án sérstakrar aðgreiningar, hvað sem líður mismun þeirra og örðugleikum sem þau eiga við að glíma;
- * leiða í lög eða taka upp sem yfirlýsta stefnu þá meginreglu að öll börn sæki almenna skóla nema knýjandi ástæður séu til annars;
- * hrinda af stað tilraunaverkefnum til eftirbreytni og stuðla að gagnkvæmum heimsóknum við lönd sem reynslu hafa af skólum án aðgreiningar;
- * stuðla að valddreifingu og sem almennastri þátttöku við að skipuleggja námsframboð fyrir börn og fullorðna með sérþarfir á sviði menntunar, fylgjast með framkvæmd þess og meta árangur;
- * örva og greiða fyrir þátttöku foreldra, heimabyggðar og samtaka fatlaðra í skipulagsstarfi og ákvörðunum um hvernig mæta skuli sérþörfum á sviði menntunar;
- * verja auknum kröftum til að greina sérþarfir snemma og bregðast við þeim með virkum hætti, svo og til starfsmenntunar þar sem ekki er beitt aðgreiningu;
- * tryggja það að jafnhliða slíkri kerfisbreytingu sé, bæði í grunn- og endurmenntun kennara, fjallað um kennslu nemenda með sérþarfir í skólum þar sem ekki er aðgreining;

4.

Við skorum á samfélag þjóða og sér í lagi á

- * stjórnvöld ríkja sem standa að alþjóðlegum samstarfsverkefnum, svo og alþjóðlega styrktaraðila, öðrum fremur þá sem stóðu straum af Alþjóðaráðstefnunni um menntun öllum til handa, Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO), Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF), Próunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna (UNDP) og Alþjóðabankann:
 - að gerast fylgjendur skólagöngu án aðgreiningar og stuðla að því að þróun kennslu nemenda með sérþarfir verði heildstæður þáttur allra verkefna á sviði menntunar;
- * Sameinuðu þjóðirnar og sérstofnanir þeirra, einkum og sér í lagi Alþjóðavinnu- og atvinnuleysisstofnunina (ILO), Alþjóðaheilbrigðisstofnunina (WHO), UNESCO og UNICEF:
 - að leggja meira að mörkum til tæknilegrar samvinnu, jafnframt því sem þær efla samvinnu sína og myndun tengslaneta til að veita virkari stuðning við að efla kennslu og skólagöngu án aðgreiningar fyrir nemendur með sérþarfir;
- * óopinberar stofnanir sem hlut eiga að því í einstökum löndum að koma á verkefnum og veita þjónustu:
 - að treysta samstarf sitt við opinbera aðila í landinu og efla starf sitt við að skipuleggja námsframboð án aðgreiningar fyrir nemendur með sérþarfir, hrinda því í framkvæmd og meta árangur;
- * Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO):
 - að sjá til þess að um menntun nemenda með sérþarfir sé fjallað hvarvetna þar sem hún á hlut að umræðum um menntamál;

SALAMANCA - YFIRLÝSINGIN

- að afla stuðnings hjá samtökum kennara við ráðstafanir sem beinast að því að efla kennaramenntun með hliðsjón af sérþörfum nemenda;
- að örva fræðimenn og vísindastofnanir til að efla rannsóknir, koma á tengslanetum og stofna til svæðisbundinna gagnabanka og upplýsingamiðstöðva; einnig að hún taki að sér miðstöðvarhlutverk í slíkum verkefnum og við að kynna fengnar niðurstöður og árangur sem einstök lönd hafa náð í þeim efnum sem yfirlýsing þessi fjallar um;
- að útvega fjárframlög með því að koma á, innan ramma starfsáætlunar frá 1996–2002, öflugu verkefni helguðu skólum án aðgreiningar og aðgerðum til aukins stuðnings í heimabyggð. Með því móti yrði kleift að koma á tilraunaverkefnum sem yrðu áþreifanleg kynning til að útbreiða ný tæk á málum. Jafnframt standi hún að þróun viðmiðana um þörf fyrir menntun nemenda með sérþarfir og leiðir til að veita hana.

5.

Að síðustu viljum við tjá einlægar þakkir okkar til ríkisstjórnar Spánar og til UNESCO fyrir að standa að ráðstefnunni. Hvetjum við þær til að kosta kapps um að vekja athygli á þessari yfirlýsingu, ásamt meðfylgjandi *rammaáætlun*, á alþjóðavettvangi, einkum á lykilþingum svo sem *Alþjóðlegum leiðtogafundi um samfélagsþróun* (Kaupmannahöfn 1995) og *Alþjóðaráðstefnu um málefni kvenna* (Peking 1995).

Samþykkt með lófataki.

Gjört í Salamanca á Spáni

hinn 10. júní 1994.

**RAMMAÁÆTLUN UM
AÐGERÐIR**

**vegna nemenda með
sérþarfir**

Efnisyfirlit

Inngangur

I. Nýjar hugmyndir um menntun nemenda með sérþarfir

II. Leiðbeiningar um aðgerðir í hverju landi

- A. Stefnunótun og skipulag
- B. Skólarnir sjálfir
- C. Val og þjálfun fólks til kennslustarfa
- D. Stoðkerfi fyrir skóla
- E. Forgangsverkefni
- F. Sjónarhóll heimabyggðar
- G. Hvað þarf til

III. Leiðbeiningar um aðgerðir á svæðisbundum eða alþjóðlegum grundvelli

Inngangur

1. Þessi **rammaáætlun um aðgerðir vegna nemenda með sérþarfir** var samþykkt á Alþjóðaráðstefnu um menntun nemenda með sérþarfir sem ríkisstjórn Spánar hélt í samstarfi við UNESCO í Salamanca dagana 7. til 10. júní 1994. Rammaáætluninni er ætlað að vera til hliðsjónar og leiðbeiningar fyrir stjórnvöld ríkja, alþjóðasamtök, alþjóðlegar hjálparstofnanir, óopinberar stofnanir og aðra aðila, þegar að því kemur að hrinda í framkvæmd **Salamanca-yfirlýsingunni um grundvöll, stefnu og framkvæmd í málefnum nemenda með sérþarfir**. Áætlunin styðst að mörgu leyti við reynslu einstakra þátttökuríkja ráðstefnunnar. Jafnframt tekur hún mið af ályktunum, tilmælum og útgáfuritum frá Sameinuðu þjóðunum og stofnunum á þeirra vegum, svo og öðrum alþjóðlegum stofnunum. Ber þar einkum að nefna **Viðmiðunarreglur um jöfnun tækifæra fyrir fatlað fólk**.¹ Einnig er í rammaáætluninni tekið mið af tillögum, leiðbeiningum og tilmælum sem til urðu á fimm svæðisbundnum málþingum sem haldin voru til undirbúnings alþjóðaráðstefnunnar.
2. Í **Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna** er lýst yfir rétti hvers barns til menntunar og er sá réttur kröftuglega ítrekaður í **Alþjóðlegu yfirlýsingu um menntun öllum til handa**. Sérhver fötluð manneskja hefur rétt til að tjá eigin óskir um menntun sína, að svo miklu leyti sem í þær verður ráðið. Foreldrar njóta sjálfkrafa þess réttar að leitað sé þeirra ráða um tilhögun menntunar sem best hæfi þörfum, aðstæðum og vonum barna þeirra.
3. Sá **grundvöllur**, sem staðið er á í þessari rammaáætlun, er að skólar eigi að taka við **öllum börnum**, hvernig sem á stendur um atgervi þeirra til líkama eða sálar, félagslegt og tilfinningalegt ástand eða málþroska. Þetta á við um fötluð börn og afburðargreind, börn sem lifa á götunni eða stunda launaða vinnu, börn úr afskekktum byggðarlögum og börn farandfólks, börn af minnihlutahópum sem

¹ United Nations Standard Rules on the Equalization of Opportunities for Persons with Disabilities, A/RES/48/96, ályktun Sameinuðu þjóðanna samþykkt á 48. Allsherjarþingi 20. desember 1993.

RAMMAÁÆTLUN UM AÐGERÐIR

skera sig úr hvað varðar mál, þjóðerni eða menningu, svo og börn annarra afskiptra hópa eða frá afskiptum svæðum. Skólakerfi landanna standa hér frammi fyrir mörgum og sundurleitum viðfangsefnum. Í þessum texta verður hugtakið *sérþarfir á sviði menntunar* notað um öll þau börn og ungmenni sem hafa sérþarfir vegna fötlunar eða námsörðugleika. Fjöldmörg börn eiga við námsörðugleika að glíma á einhverju stigi skólagöngu sinnar og hafa þar með sérþarfir á sviði menntunar. Skólar verða að finna leiðir til að kenna öllum börnum á árangursríkan hátt, einnig þeim sem eru alvarlega fötluð eða standa að öðru leyti mjög illa að vígi. Stjórnvöld eru nú að verða sammála um að börn og ungmenni með sérþarfir eigi að mennta án aðgreiningar frá þeirri skólagöngu sem meirihluta barna er búin. Af því hefur sprottið hugtakið *skóli án aðgreiningar*. Hann stendur frammi fyrir því viðfangsefni að þróa kennsluhætti sem taka mið af barninu og megna að veita öllum nemendum góða kennslu, einnig þeim sem eru alvarlega fatlaðir eða standa mjög illa að vígi. Slíkur skóli hefur ekki það eitt til síns ágætis að geta veitt öllum börnum góða menntun, heldur vinnur hann gegn hugarfari mismununar, gerir öll börn velkomin í umhverfi sínu og stuðlar að vexti þjóðfélags án aðgreiningar. Brynt er að breyta um sýn í þessum efnum. Allt of lengi hefur fatlað fólk búið við hamlandi þjóðfélag sem beinir allri athygli að vanhæfni fatlaðra í stað möguleika þeirra.

4. Kennsla nemenda með sérþarfir þarf að styðjast við kennsluáferðir sem sannað hafa gildi sitt og öll börn geta notið góðs af. Þar er gengið út frá því sem eðlilegu að fólk sé ólíkt, og því verði að sníða nám að þörfum barnsins, fremur en að barnið verði að laga sig að því sem fyrirfram hafi verið slegið föstu um hvernig og hve hratt nám eigi að fara fram. Kennsluhættir, sem taka mið af barninu, eru öllum nemendum hollir og þar af leiðandi til góðs fyrir þjóðfélagið í heild. Reynslan hefur sýnt að slík kennsla getur dregið verulega úr því að nemendur hverfi frá námi eða þeim seinki í námi, sem hvort tveggja er áberandi einkenni á menntakerfi margra landa, og jafnframt tryggt bættan námsárangur að jafnaði. Kennsluhættir, sem taka mið af barninu, geta átt þátt í að afstýra þeirri sóun hæfileika og þeim brostnu vonum sem alltof oft verða afleiðing slakrar kennslu og þess viðhorfs að í menntamálum eigi að sníða öllum sama stakkinn. Enn fremur má líta á skóla, þar sem mið er tekið af barninu, sem uppeldisstofnun í þjóðfélagi þar sem mið er tekið af manneskjunni, viðurkenndur mismunur milli manna, en virðing þeirra er óháð mismuninum.

RAMMAÁÆTLUN UM AÐGERÐIR

5. Þessi **rammaáætlun um aðgerðir** skiptist í kafla sem hér segir:
- I. Nýjar hugmyndir um menntun nemenda með sérþarfir
 - II. Leiðbeiningar um aðgerðir í hverju landi
 - A. Stefnumótun og skipulag
 - B. Skólarnir sjálfir
 - C. Val og þjálfun fólks til kennslustarfa
 - D. Stöðþjónusta skóla
 - E. Forgangsverkefni
 - F. Sjónarhóll heimabyggðar
 - G. Hvað þarf til
 - III. Leiðbeiningar um aðgerðir á svæðisbundum eða alþjóðlegum grundvelli

I.

**Nýjar hugmyndir um
menntun nemenda með
sérþarfir**

6. Síðastliðna tvo áratugi hefur þróun á sviði félagsmála stefnt í þá átt að stuðla að blöndun og þátttöku og berjast gegn aðgreiningu. Menntun án aðgreiningar er frumskilyrði þess að fólk fái í orði og verki notið mannréttinda og manngletrar reistar. Þessi þróun í menntamálum hefur birst í því að leitað hefur verið leiða til að koma á raunverulegum jöfnuði tækifæra. Reynslan í mörgum löndum sýnir að blöndun barna og ungmenna með sérþarfir á sviði menntunar tekst best í skólum þar sem ekki er aðgreining. Í því samhengi taka nemendur með sérþarfir mestum framförum í námi og blandast best félagslega. Skólar án aðgreiningar eru þannig vel til þess fallnir að ná jöfnuði tækifæra og fullri þátttöku, en ná þó því aðeins fullum árangri að til komi samstillt átak, ekki aðeins kennara og annars starfsliðs, heldur skólafélaga, foreldra, fjölskyldna og sjálfbodaliða. Umbætur á stofnunum samfélagsins eru ekki aðeins tæknilegt úrlausnarefni, heldur velta þær öðru fremur á sannfæringu, djörfung og skilningi þeirra einstaklinga sem mynda samfélagið.
7. Grundvallarregla skóla án aðgreiningar er að öll börn eigi, hvar sem því verður við komið, að læra saman, hvað sem líður muni á þeim og hugsanlegum örðugleikum. Slíkur skóli verður að átta sig á ólíkum þörfum nemenda og bregðast við þeim, bæði hvað varðar námshætti og námshraða, og tryggja öllum vandaða kennslu með viðfangsefnum, skipulagi, kennsluháttum og gagnanotkun við hæfi og í nánnum tengslum við íbúa í skólahverfinu. Aðstoð og þjónusta þarf að spanna allt hið sama svið og sérþarfir nemenda í hverjum skóla.
8. Í skóla án aðgreiningar eiga börn með sérþarfir á sviði menntunar að njóta þess stuðnings sem þau kunna að þurfa á að halda til þess að þeim sé tryggð árangursrík menntun. Nám án aðgreiningar er virkasta leiðin til að treysta samstöðu meðal barna með sérþarfir á sviði menntunar og skólafélaga þeirra. Það á að vera undantekning að barn sé sent í sérskóla – eða varanlega sérdeild eða sérbekk í skóla sínum. Einungis er mælt með því úrræði í þeim fáu tilvikum þegar ljóst er að nám í almennum bekk fullnægir ekki menntunarlegum eða félagslegum

RAMMAÁÆTLUN UM AÐGERÐIR

þörfum barnsins eða að þess sé greinileg þörf vegna velfarnaðar barnsins sjálfs eða annarra barna.

9. Kennsla barna með sérþarfir er mjög mismunandi í löndum heims. Sum lönd hafa t.d. komið upp öflugum kerfi sérskóla fyrir börn með tilteknar hamlanir. Slíkir sérskólar geta komið að miklu gagni við þróun skóla án aðgreiningar. Starfslið sérstofnana býr yfir þeirri sérþekkingu sem til þarf til þess að fylgjast með ungum börnum og greina strax fötlun. Sérskólar geta líka nýst sem hjálfunarstöðvar og kennslumiðstöðvar fyrir starfsfólk almennu skólanna. Loks má vera að sérskólar, eða sérdeildir innan skóla án aðgreiningar, veiti áfram heppilegustu skólagönguna fyrir tiltölulega fá fötluð börn sem ekki er hægt að sinna á fullnægjandi hátt í almennum bekkjum eða skólum. Fjárfesting í núverandi sérskólum ætti að beinast að nýju og víðara hlutverki þeirra við að veita faglegan stuðning við almenna skóla sem sinna sérþörfum á sviði menntunar. Starfslið sérskóla getur veitt almennum skólum veigamikinn stuðning við að velja námsefni og námsaðferðir við hæfi einstakra nemenda.
10. Í löndum, þar sem lítið eða ekkert er um sérskóla, er að jafnaði ráðlegt að beina kröftunum að þróun skóla án aðgreiningar og þeirrar sérhæfðu þjónustu sem þeir þarfnast til þess að geta tekið við yfirgnæfandi meirihluta allra barna og ungmenna. Er þar einkum um að ræða hjálfun kennara í kennslu barna með sérþarfir og stofnun kennslumiðstöðva með fullnægjandi starfslið og búnað sem skólar geta leitað til um stuðning. Reynslan bendir til þess, sérstaklega í þróunarlöndum, að vegna mikils kostnaðar við sérskóla njóti þeirra aðeins lítið brot nemenda, oftast börn vel settra borgarbúa. Þar með fær yfirgnæfandi meirihluti nemenda með sérþarfir, einkum í dreifbýli, alls enga þjónustu. Áætlað er að í mörgum þróunarlöndum njóti minna en eitt af hundraði barna með sérþarfir á sviði menntunar einhvers af núverandi þjónustu. Auk þess bendir reynslan til þess að skólar án aðgreiningar, sem þjóna öllum börnum byggðarlags, stuðli best að því að kalla fram stuðning heimamanna og finna frumlegar og nýstárlegar leiðir til að nýta þau takmörkuðu aðföng sem völ er á.
11. Aðgerðir stjórnvalda í menntamálum ættu öðru fremur að beinast að menntun, í opinberum skólum eða einkaskólum, fyrir **allt** fólk í **öllum** landshlutum og af **öllum** þjóðfélagsstigum.
12. Hingað til hafa tiltölulega fá fötluð börn átt kost á skólagöngu, sérstaklega í þróunarlöndunum. Því skortir milljónir fatlaðra, sem nú eru fullorðnir, einföldustu undirstöðumenntun. Þörf er á samstilltu

RAMMAÁÆTLUN UM AÐGERÐIR

átaki í fullorðinsfræðslu til þess að tryggja fötluðu fólki læsi, tölfærni og undirstöðukunnáttu á öðrum sviðum.

13. Sérstaklega þarf að horfast í augu við það tvöfalda misrétti sem margar konur hafa mátt þola þegar kynjafordómar hafa bæst ofan á vandkvæði þeirra vegna fötlunar. Konur og karlar ættu að ráða jafnmiklu um tilhögun náms og hafa sömu tækifæri til að njóta góðs af því. Sérstaklega ber að stuðla að þátttöku fatlaðra stúlkna og kvenna í námi.
14. Þessari **rammaáætlun** er ætlað að vera almennur leiðarvísir um aðgerðir í málefnum nemenda með sérþarfir. Augljóslega eru ekki tók á því í slíkum texta að taka á öllum þeim aragrúa aðstæðna sem við er að glíma í ólíkum heimshlutum og einstökum löndum; því verður að útfæra áætlunina eftir því sem hæfir þörfum og aðstæðum á hverjum stað. En því aðeins kemur hún að notum að henni sé fylgt eftir með skipulegum aðgerðum ríkja, landshluta og byggðarlaga og að baki búi ásetningur almennings og ráðamanna um **menntun öllum til handa**.

II.

Leiðbeiningar um aðgerðir í hverju landi

A. Stefnumótun og skipulag

15. *Blöndun í skólum og endurhæfing í heimabyggð eru aðferðir sem þurfa að haldast í hendur og styðja hvora aðra í þjónustu við fólk með sérþarfir. Hvort tveggja byggir á meginhugmyndum um menntun án aðgreiningar, blöndun og þátttöku, og er þrautreynd og fjárhagslega hagkvæm leið til að stuðla að jöfnum aðgangi nemenda með sérþarfir, enda sé það hluti af átaki á öllum sviðum er beinist að **menntun öllum til handa**. Því er beint til ríkja heims að þau gefi gaum eftirtöldum aðgerðum sem varða stefnumótun og skipulag menntakerfis.*
16. Viðurkenna ætti í lögum þá meginreglu að fatlaðir á öllum aldri njóti jafnra tækifæra til náms á grunn-, framhalds- og háskólastigi, og sé blöndun viðhöfð eftir því sem við verður komið.
17. Til að löggjöf um menntun skili árangri þarf stuðning samsvarandi og samstilltrar löggjafar á sviði heilbrigðis-, félags- og atvinnumála.
18. Í stefnumótun skólayfirvalda, allt frá ríkisvaldi til heimabyggðar, á að taka fram að fatlað barn sæki heimaskóla, þ.e. sama skóla og ef það væri ekki fatlað. Frávik frá þessari reglu ætti að skoða í hverju tilviki og heimila því aðeins að sýnt verði fram á að þörfum barnsins fyrir menntun verði ekki mætt nema í sérskóla eða sérstofnun.
19. Aðgerðir ríkisvalds til að koma á **menntun öllum til handa** ættu að miðast við að fötluð börn sæki almenna skóla. Jafnvel í undan-tekningartilvikum þegar börn sækja sérskóla er ekki sjálfsagt að skólaganga þeirra sé aðgreind að öllu leyti, heldur stuðlað að því að þau sæki almennan skóla að hluta. Einnig ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja nám án aðgreiningar fyrir unglinga og fullorðna með sérþarfir á framhalds- og á háskólastigi, svo og í starfsþjálfun. Sérstaklega ber að hafa í huga að fötluðum stúlkum og konum sé tryggður jafn aðgangur og tækifæri og piltum og körlum.
20. Þörfum alvarlega fatlaðra og fjölfatlaðra barna og ungmenna ber að gefa sérstakan gaum. Þau hafa sama rétt og félagar þeirra til að standa eftir föngum á eigin fótum sem fullorðið fólk, og ber að veita þeim þá menntun sem best má að gagni koma í því skyni.

RAMMAÁÆTLUN UM AÐGERÐIR

21. Við stefnumótun í menntamálum ber að taka fullt tillit til séraðstæðna einstaklinga og hópa. Þannig skal viðurkenna mikilvægi táknaþáttar sem tjáningarmiðils heyrnarlausra og sjá til þess að allt heyrnarlaust fólk eigi kost á námi á táknaþátt heimalands síns. Vegna þarfa þeirra sem eru heyrnarskertir eða bæði heyrnar- og sjónskertir, að því er varðar boðskipti, getur hentað betur að veita þeim menntun í sérskólum eða sérbekkjum og sérdeildum innan almennra skóla.
22. Endurhæfing í heimabyggð á að byggja upp sem hluta af alhliða aðgerðum til að stuðla að skólagöngu og starfsþjálfun með hagkvæmu sniði fyrir fólk með sérþarfir á sviði menntunar. Líta ber á endurhæfingu í heimabyggð sem sérstakan framkvæmdaþátt í byggðarlaginu sem í heild beinast að endurhæfingu, jöfnun tækifæra og félagslegri blöndun fyrir alla fatlaða. Slíka stefnu ber að framkvæma með sameiginlegu átaki fatlaðra, aðstandenda þeirra og nágranna ásamt þeim þjónustustofnunum sem í hlut eiga á sviði menntunar, heilbrigðis- og atvinnumála og velferðarþjónustu.
23. Stefnumótun og fjárveitingar eiga að ýta undir og greiða fyrir þróun skóla án aðgreiningar. Ryðja þarf úr vegi hindrunum sem hamla flutningi nemenda frá sérskólum til almennra skóla og fella yfirstjórn skólanna í eina heild. Fylgjast ber náið með framvindu menntunar án aðgreiningar með því að safna tölulegum upplýsingum um hve margir fatlaðir nemendur hafi notið þeirra fjárframlaga, sérfræðiaðstoðar og búnaðar sem ætlað er til kennslu nemenda með sérþarfir, svo og fjölda nemenda með sérþarfir á sviði menntunar sem sækja almenna skóla.
24. Á öllum stjórnsýslustigum ber að efla samstarf milli stjórnar menntamála annars vegar og heilbrigðis-, atvinnu- og félagsmála hins vegar, til þess að aðgerðir styðji hver aðra. Skipulag og samstarf á einnig að taka mið af því hlutverki sem hálfopinberar eða óháðar stofnanir geta gegnt, nú eða í framtíðinni. Sérstakra aðgerða er þörf til að kalla fram stuðning í heimabyggð við aðgerðir í þágu nemenda með sérþarfir á sviði menntunar.
25. Stjórnvöld hvers ríkis bera ábyrgð á því að fylgjast með hvernig fé er varið til kennslu nemenda með sérþarfir og tryggja, ásamt alþjóðlegum samstarfsaðilum sínum, að þar sé farið eftir forgangsröðun og stefnumótun viðkomandi ríkis við að ná markinu um **menntun öllum til handa**. Stofnunum sem annast þróunaraðstoð af hálfu einstakra ríkja eða alþjóðlegra samtaka, ber að sínu leyti, þegar þær skipuleggja og framkvæma aðgerðir í menntamálum eða á tengdum sviðum, að gæta náið að stefnu heimalands í málefnum nemenda með sérþarfir.

B. Skólarnir sjálfir

26. *Til þess að koma á skólum án aðgreiningar sem sinna þörfum ólíkra nemenda, þarf að uppfylla margvísleg skilyrði. Stefnumörkun þarf að vera skýr og ákveðin og studd nægilegum fjárveitingum. Gera þarf markvisst átak til að upplýsa almenning um málið, vinna þannig gegn fordómum og kalla fram upplýst og jákvæð viðhorf. Skipulega þarf að vinna að því að upplýsa og hjálfa starfslið skóla. Loks þarf nauðsynleg stoðþjónusta að vera tiltæk. Meðal margra atriða í aðstöðu og innra starfi skóla, sem breyta þarf til þess að stuðla að árangri náms án aðgreiningar, má nefna eftirfarandi: Námsefni, húsnæði, skipulag, kennsluáðferðir, námsmat, mönnun, ríkjandi viðhorf og félagsstarf.*
27. Flestar nauðsynlegar breytingar snúa ekki einvörðungu að því að opna skólana nemendum með sérþarfir á sviði menntunar, heldur eru þær hluti af víðtækari umbótum á skólastarfi sem nauðsynlegar eru til þess að veita betri menntun og stuðla að meiri námsárangri hjá öllum nemendum. Alþjóðlega yfirlýsingin um menntun öllum til handa leggur áherslu á nauðsyn þess að taka mið af barninu í því skyni að tryggja árangursríka skólagöngu allra barna. Þegar teknir eru upp sveigjanlegir starfshættir, þannig að unnt sé að taka fullt tillit til mismunandi þarfa barna, stuðlar það að árangursríku skólastarfi án aðgreiningar. Eftirfarandi leiðbeiningar snúast um atriði sem aðgæta þarf þegar börnum með sérþarfir á sviði menntunar er blandað í skóla.

Sveigjanlegt námsefni

28. Námsefni á að sníða að þörfum barna en ekki öfugt. Skólinn á því að fá börnum með mismunandi hæfileika og áhugamál viðfangsefni við hæfi.
29. Börn með sérþarfir eiga að fá sérstaka stuðningskennslu í tengslum við almennt námsefni, en ekki annað og ólíkt námsefni. Við það ber að miða að öll börn hljóti samskonar menntun, en með sérstakri aðstoð ef þess er þörf.
30. Þekkingu öðlast fólk ekki einungis með beinni kennslu. Inntak náms ber að miða við fyllstu kröfur og við þarfir einstaklingsins með það

RAMMAÁÆTLUN UM AÐGERÐIR

fyrir augum að hann geti orðið virkur þátttakandi í þjóðfélagi á þróunarbraut. Til þess að virkja áhuga nemenda ber að tengja kennsluna við það sem skiptir þá máli og þeir hafa reynslu af.

31. Til þess að fylgjast með framförum barna ber að endurskoða hvernig að námsmati er staðið. Leiðsagnarmat á að fella inn í reglubundið skólastarf svo að nemendur og kennarar viti hvaða valdi nemendur hafa náð á viðfangsefnunum, vandamál komi í ljós og unnt sé að aðstoða nemendur við að sigrast á þeim.
32. Fyrir börn með sérþarfir á sviði menntunar ber að hafa í boði aðstoð á öllum stigum, allt frá lítilsháttar hjálp í bekk og upp í reglubundna aðstoð við nám innan skólans þar sem til koma, eftir því sem þörf krefur, sérhæfðir kennarar og starfsfólk stoðstofnana.
33. Viðeigandi tæknibúnað, sem ekki er óhóflega dýr, ber að nota þegar þörf krefur til að nemendur ráði betur við viðfangsefni skólans, hvort sem það eru hjálpartæki við borskipti, hreyfingu milli staða eða við námið sjálft. Hjálpartæki nýtast betur með minni tilkostnaði ef þau koma frá einni miðstöð í hverju byggðarlagi þar sem starfsfólk hefur sérþekkingu til að velja tæki eftir þörfum notenda og sjá um að hafa þau í lagi.
34. Ríkisvaldi og sveitastjórum ber að koma upp aðstöðu og standa fyrir rannsóknum til þess að þróa haganlega hjálpartækni fyrir nemendur með sérþarfir. Ríki, sem fullgilt hafa Flórens-samkomulagið, skulu hvött til að nota þann farveg til að greiða fyrir óhindraðri dreifingu gagna og tækja sem varða þarfir fatlaðs fólks. Jafnframt er skorað á ríki, sem hafa ekki samið sig að samkomulaginu, að gera það og stuðla þannig að óhindraðri dreifingu þjónustu og varnings sem varða menntun og menningu.

Skólastjórnun

35. Skólastjórar, ásamt fræðsluyfirvöldum í héraði, geta átt ríkan þátt í að gera skólana hæfari til að koma til móts við sérþarfir á sviði menntunar nemenda, ef þeir hafa lært til verka og hafa það valdsvið sem til þarf. Þetta fólk ber að hvetja til að koma á sveigjanlegri stjórnunarháttum, beina kröftum skóla í nýjan farveg, auka fjölbreytni í námsmöguleikum, virkja börnin til aðstoðar hvert við annað, veita nemendum sem eiga í erfiðleikum aðstoð og koma á nánú sambandi við foreldra og samfélagið. Árangursrík skólastjórnun er háð virku og skapandi framlagi kennara og annars starfsliðs, enda komist á virk samvinna og hópstarf við að mæta þörfum nemenda.

RAMMAÁÆTLUN UM AÐGERÐIR

36. Skólastjórar bera sérstaka ábyrgð á því að stuðla að jákvæðu viðhorfi allra í skólanum og að koma á virku samstarfi umsjónarkennara við stoðþjónustufólk. Með samráði og viðræðum ber að finna stoðkennslu viðeigandi farveg og skilgreina mismunandi hlutverk þeirra sem í sameiningu veita kennsluna.
37. Hver skóli á að vera samfélag sem í heild er ábyrgt fyrir góðum eða slæmum árangri nemenda. Ábyrgð á menntun barna með sérþarfir ætti að hvíla á samstarfshópi fagfólks en ekki einstökum kennurum. Hvetja ber foreldra og sjálfboðaliða til virkrar þátttöku í starfi skólans. Kennarar gegna þó meginhlutverki sem stjórnendur námsins; þeirra er að veita börnum stuðning með þeim hætti sem völ er á, bæði innan bekkjar og utan.

Upplýsingar og rannsóknir

38. Stuðlað getur að umbótum í námi og kennslu að breiða út vitneskju um dæmi þess að vel sé að málum staðið. Einnig getur komið að notum að dreift sé upplýsingum um niðurstöður rannsókna sem starfið varða. Í hverju landi ber að stuðla að því að aðilar veiti hver öðrum aðgang að reynslu sinni og komið sé á fót upplýsingamiðstöðvum, einnig að völ verði á fjölþættum upplýsingum.
39. Kennsla nemenda með sérþarfir á að vera heildstæður þáttur í rannsóknum og þróunarstarfi sem vísindastofnanir og kennslumiðstöðvar annast. Á því sviði ber ekki síst að gefa gaum rannsóknum á raunhæfu starfi sem beinast að nýjungum í skipulagi náms og kennslu. Í slíkum athugunum, bæði á framkvæmda- og túlkunarstigi, eiga almennir kennarar að taka virkan þátt. Einnig ber að koma á tilraunum og rannsóknum á afmörkuðum viðfangsefnum til að auðvelda ákvarðanatöku og veita leiðsögn í frekari aðgerðum. Um slíkar rannsóknir og tilraunir geta fleiri en eitt land tekið höndum saman.

C. Val og þjálfun fólks til kennslustarfa

40. *Til þess að stuðla að framsókn náms án aðgreiningar er fátt mikilvægara en réttur undirbúningur allra þeirra sem sinna kennslu. Skilningur fer vaxandi á gildi þess að hafa í starfi fatlaða kennara sem fötluð börn geta miðað sig við. Eftirtöldum aðgerðum má beita í þessu viðfangi.*
41. Í grunnmenntun kennara, bæði fyrir grunn- og framhaldsskólastig, ber að rækta með öllum nemendum jákvæð viðhorf gagnvart fötluðu fólki ásamt skilningi á því hverju skólarnir fái áorkað með stoðþjónustu á staðnum. Sú þekking og færni sem þörf er á er aðallega það sem almennt þrýðir góða kennslu, þar á meðal að geta metið sérþarfir, aðlagð námsefni, notað stoðtækni, beint kennslunni að einstökum nemendum til að koma til móts við mismunandi getu o.s.frv. Í skólum, sem annast vettvangsnám kennaranema, ber að gæta þess sérstaklega að allir kennarar séu búnir undir sjálfstæð vinnubrögð, læri að nota kunnáttu sína til að laga námsefni og kennsluaðferðir að þörfum nemenda og kynnist einnig samstarfi við sérfræðinga og samvinnu við foreldra.
42. Þegar nám kennaranema er metið og kennsluréttindi veitt ber að hafa í huga þá kunnáttu til að takast á við sérþarfir á sviði menntunar.
43. Sem forgangsverkefni ætti að taka saman fræðsluefni og skipuleggja fræðslufundi fyrir stjórnendur í héraði, eftirlitsmenn, skólastjóra og reynda kennara til þess að auka hæfni þeirra til að veita forystu á þessu sviði og styðja og þjálfa óreyndari kennara.
44. Stærsta viðfangsefnið er endurmenntun sem nær til allra kennara og tekur mið af margbreytilegum og oft erfiðum starfsaðstæðum. Endurmenntun ber, eftir því sem frekast verður við komið, að þróa í einstökum skólum þar sem persónuleg leiðsögn við kennara helst í hendur við fjarnám eða annað form af sjálfsnámi.
45. Sérhæfð þjálfun í kennslu nemenda með sérþarfir, sem veitir viðbótarstarfsréttindi, á að jafnaði að fara fram í kjölfar eða samhliða þjálfun og reynslu sem almennur kennari. Þannig verður stuðlað að

RAMMAÁÆTLUN UM AÐGERÐIR

Því að hvort starfið bæti annað upp og að kennarar geti fært sig á milli starfssviða.

46. Menntun sérkennara þarf að endurskoða með það fyrir augum að gera þá færa um að starfa í breytilegu samhengi og gegna lykilhlutverki í skipulagi náms fyrir nemendur með sérþarfir. Sameiginlegan kjarna sérkennaranáms þarf að móta þannig að viðfangsefnið sé ekki skoðað út frá flokkun, heldur fengist við fötlun almennt og í öllum afbrigðum; sérhæfing við eina tegund fötlunar eða fáar komi síðar.
47. Háskólar hafa mikilvægu ráðgjafarhlutverki að gegna í mótun og þróun kennslu nemenda með sérþarfir, einkum hvað varðar rannsóknir, mat, undirbúning þeirra sem kenna kennaranemum, svo og gerð þjálfunaráætlana og kennsluefnis. Stuðla ber að myndun tengslaneta meðal háskóla og menntastofnana á háskólastigi í þróuðum löndum og þróunarlöndum. Miklu skiptir að starfsmenntun og rannsóknir haldist í hendur. Einnig er mikilvægt að fatlað fólk taki virkan þátt í starfinu, bæði í rannsóknar- og þjálfunarvinnu, svo að öruggt sé að sjónarmið þess komist fyllilega á framfæri.
48. Það er þrálátt vandamál við skólagöngu fatlaðs fólks, að jafnvel þótt þrýðilega sé staðið að kennslu þess vantar það fyrirmyndir til viðmiðunar. Nemendur með sérþarfir þurfa að fá tækifæri til samskipta við fatlað fullorðið fólk sem hefur náð árangri í lífinu; þá geta þeir sett sér raunhæf markmið. Einnig þurfa fatlaðir nemendur að kynnast dæmum um ákvörðunarrétt og forystuhlutverk fatlaðs fólks og hljóta þjálfun sem að slíku beinist, svo að þeir geti átt hlut að stefnumótun sem áhrif hefur á líf þeirra síðar. Því skyldi menntakerfi hvers lands leitast við að ráða til starfa fatlaða menntaða kennara og annað fatlað starfsfólk í skólum; og jafnframt skyldi leitast við að fatlað fólk í heimabyggð, sem hefur náð árangri í lífinu, komi við sögu í menntun nemenda með sérþarfir.

D. Stoðkerfi fyrir skóla

49. *Árangur stefnunnar um menntun án aðgreiningar veltur mjög á því að stoðþjónusta sé í boði. Til þess að tryggja sé að börn með sérþarfir fái notið utanaðkomandi þjónustu á hvaða stigi sem þörf krefur ber yfirvöldum menntamála að hafa í huga það sem hér fer á eftir.*
50. Almennir skólar gætu bæði átt kost á þjónustu af hálfu kennaramenntunarstofnana og hjá starfslíði sérskóla. Rétt er að fela sérskólum í ríkara mæli hlutverk kennslumiðstöðva fyrir almennu skólana og þaðan verði veitt bein aðstoð við börn með sérþarfir á sviði menntunar. Bæði starfsmenntastofnanir og sérskólar geta veitt aðgang að sérhæfðum búnaði og gögnum jafnframt því að veita þjálfun í kennslutilhögun sem ekki er beitt í almennum bekkjum.
51. Í heimabyggð þarf að sjá um samhæfingu utanaðkomandi þjónustu sem sótt er til starfsmanna ýmiss konar deilda og stofnana, svo sem kennsluráðgjafa, skólasálfræðinga, talkennara og iðjubjálfa. Samstarf nágrannaskóla hefur gefist vel, bæði við að nýta utanaðkomandi aðföng og við að örva þátttöku heimamanna. Hópi samstarfsskóla má fela sameiginlega ábyrgð á því að uppfylla sérþarfir á sviði menntunar nemenda á svæðinu, og hafa þeir þá svigrúm til að ráðstafa eftir þörfum því starfslíði og búnaði sem til þarf. Slík tilhögun ætti einnig að ná til annarrar þjónustu en kennslu, enda bendir reynslan til þess að kennslan nyti þess verulega ef meira væri gert til þess að tryggja besta árangur af starfi sérfræðinga og öðru sem til ráðstöfunar er.

E. Forgangsverkefni

52. *Blöndun barna og ungmenna með sérþarfir á sviði menntunar yrði virkari og árangursríkari ef eftirtöldum sviðum í þróunaráætlunum menntamála væri sérstakur gaumur gefinn: leikskólakennslu til að auka þroska allra barna; menntun stúlkna; og umskiptum frá skólagöngu til atvinnulífs fullorðinna.*

Leikskólakennsla

53. Árangur skóla án aðgreiningar veltur að verulegu leyti á því að sérþarfir á sviði menntunar séu greindar og metnar mjög snemma og þroski barnsins örvaður. Koma ber á gæslu og skipulegri kennslu fyrir börn á leikskólaaldri til þess að stuðla að líkamlegum, vitsmunalegum og félagslegum þroska og búa barnið undir skólagöngu. Slík þjálfun hefur mikið fjárhagslegt gildi fyrir einstaklinginn, fjölskyldu hans og þjóðfélagið með því að koma í veg fyrir að meira verði úr fötluninni en efni standa til. Á þessu aldurstigi ber að skipuleggja þjálfun út frá meginhugsun menntunar án aðgreiningar og tengja hana í eina heild með því að sameina leikskólastarf og heilbrigðisþjónustu fyrir börnin.
54. Mörg lönd hafa gert leikskólakennslu að stefnumáli, annaðhvort með því að stuðla að uppbyggingu leikskóla og dagheimila eða með því að skipuleggja upplýsingamiðlun og viðhorfabreytingu fyrir fjölskyldur í tengslum við heilbrigðiskerfið (heilsugæslu, mæðravernd, ungbarnaeftirlit), skóla og staðbundin félagasamtök fjölskyldna eða kvenna.

Menntun stúlkna

55. Fatlaðar stúlkur standa höllum fæti að tvennu leyti. Í fyrsta lagi er sérstaks átaks þörf til að veita þessum stúlkum menntun og þjálfun. Í annan stað þurfa fatlaðar stúlkur að hafa aðgang að upplýsingum, leiðsögn og fyrirmyndum sem geta hjálpað þeim að velja sér raunsæ markmið og undirbúning fyrir framtíðarhlutverk sitt sem fullorðnar konur.

Undirbúningur fyrir fullorðinsárin

56. Ungmennum með sérþarfir á sviði menntunar ber að hjálpa til að færa sig greiðlega frá skóla til atvinnulífs fullorðinna. Skólar þurfa að hjálpa þeim að verða vinnandi fólk, búið þeirri færni sem daglegt líf krefst. Þjálfarar ber þá færni í umgengni og boðskiptum sem búist er við eða krafist í heimi fullorðinna. Til þess þarf þjálfunaraðferðir við hæfi, þar á meðal beina snertingu við raunverulegar aðstæður utan skólans. Þegar nemendur með sérþarfir á sviði menntunar eru komnir á síðustu skólaár skyldunáms þurfa viðfangsefni þeirra að fela í sér sérstakan undirbúning undir það sem við tekur. Styðja ber nemendur til áframhaldandi náms ef nokkur tók eru á og til starfsþjálfunar sem býr þá undir að standa á eigin fótum og leggja sitt að mörkum til samfélagsins þegar skólagöngu lýkur. Starfsráðgjafar, vinnumiðlanir, verkalyðsfélög, sveitarfélög og allar stofnanir sem málið varðar, þurfa að koma með virkum hætti að þessum undirbúningi.

Fullorðinsfræðsla og endurmenntun

57. Við skipulagningu og starfrækslu námsbrauta á vettvangi fullorðinsfræðsla og endurmenntunar ber að hyggja sérstaklega að fötluðu fólki. Það skal hafa aðgang að námi umfram aðra og jafnframt séu skipulögð sérstök námskeið sem hæfa þörfum og aðstæðum mismunandi hópa fatlaðs fullorðins fólks.

F. Sjónarhóll heimabyggðar

58. *Árangursrík skólaganga barna með sérþarfir á sviði menntunar er markmið sem ekki snýr einvörðungu að skólum og yfirvöldum menntamála. Til að ná því þarf samvinnu heimila, heimabyggðar og frjálsra félagasamtaka og stuðning almennings. Ýmsan gagnlegan lærdóm má draga af reynslu þeirra landa eða landsvæða þar sem náðst hefur áþreifanlegur árangur í því að börn og ungmenni með sérþarfir á sviði menntunar njóti aukins jafnaðar á sviði tækifæra til menntunar.*

Þátttaka foreldra

59. Menntun barna með sérþarfir á sviði menntunar er sameiginlegt viðfangsefni foreldra og fagstétta. Jákvæð afstaða foreldra stuðlar að virkri blöndun í skóla og samfélagi. Foreldrar þurfa stuðning til að ganga inn í hlutverk sitt sem foreldrar barns með sérþarfir. Framlag foreldra og heimilis má efla með því að koma á framfæri nauðsynlegum upplýsingum í skýru máli. Að upplýsa og þjálfa foreldra er viðfangsefni sem einkum skiptir miklu máli í menningarumhverfi þar sem ekki er gróin hefð fyrir því að börn sæki skóla. Bæði foreldrar og kennarar kunna að þurfa stuðning og uppörvun til að þeim lærist að vinna saman á jafnréttisgrundvelli.
60. Í samvinnu um sérþarfir barns á sviði menntunar hafa sjónarmið foreldra forgang, enda ætti það, eftir því sem við verður komið, að vera val þeirra hvers konar skólagöngu þeir velja barni sínu.
61. Rækt ber að leggja við tengsl skólastjórnenda, kennara og foreldra á grundvelli samvinnu og gagnkvæms stuðnings, og litið sé á foreldra sem virka aðila við ákvarðanatöku. Ýta ber undir það að foreldrar fylgist ekki aðeins með námi barnsins og veiti því stuðning, heldur taki beinan þátt í kennslunni, bæði heima og í skólanum, þar sem þeir geta kynnst ýmsum kennsluaðferðum og lært að skipuleggja viðfangsefni barnsins utan skóla.

62. Stjórnvöldum ber að taka frumkvæði að því að stuðla að samvinnu við foreldra, bæði með yfirlýstri stefnu sinni og með löggjöf um rétt foreldra. Stuðla ber að myndun foreldrasamtaka, enda eigi fulltrúar þeirra hlut að undirbúningi og framkvæmd kennsluskipulags sem ætlað er að efla menntun barna félagsmanna. Einnig ber að hafa samtök fatlaðra með í ráðum um skipulag og framkvæmd kennslu.

Þáttaka heimamanna

63. Valddreifing og skipulagning í heimabyggð stuðlar að því að heimamenn láti sig meira varða menntun og starfsþjálfun þeirra sem hafa sérþarfir á sviði menntunar. Þeir sem fara með stjórnsýslu í héraði ættu að yta undir þátttöku samfélagsins með því að veita málsvarasamtökum stuðning og gefa þeim kost á að eiga hlut að ákvörðun. Í þessu skyni ber að koma á vettvangi til að virkja krafta og fylgjast með aðgerðum, þar sem saman komi yfirvöld í héraði og stjórnendur mennta-, heilbrigðis- og þróunarmála, ásamt forsvarsmönnum byggðarlaga og frjálsra félagasamtaka. Umdæmi slíks vettvangs sé ekki víðlendara en svo að fólk geti sem heimamenn látið sig málefnið varða.
64. Leita ber eftir þátttöku heimamanna í tengslum við starf umfram sjálft skólastarfið, einnig varðandi aðstoð við heimanám og viðleitni til að bæta upp ónógan stuðning heimila. Hér ber að nefna hlutverk hverfissamtaka, sem geta lagt til húsakynni, fjölskyldusamtaka, ungmennafélaga og annarra æskulýðssamtaka, einnig þess hlutverks sem aldrað fólk og aðrir sjálfboðaliðar, þar með talið fatlað fólk, getur gegnt, bæði í starfsemi á vegum skólans og utan hans.
65. Þegar frumkvæði að endurhæfingu í tengslum við heimabyggð kemur utan frá verður samfélag heimamanna að ráða því hvort það verkefni verður hluti af því framfarastarfi sem heimamenn standa fyrir. Ýmsum samstarfsaðilum í heimabyggðinni, þar með talin samtök fatlaðra og aðrir óopinberir aðilar, ætti að vera heimilt að taka að sér ábyrgð á endurhæfingarverkefninu. Jafnframt ættu opinberar stofnanir, bæði á vegum ríkisstjórnar og sveitarstjórna, að hjálpa til með fjárframlögum og annarri aðstoð þar sem slíkt á við.

Hlutverk frjálsra samtaka

66. Þar eð frjáls félagasamtök og landssamtök óopinberra aðila hafa meira athafnafrelsi og geta greiðlegar brugðist við þörfum sem fram koma, ber að styðja þau í því að móta nýjar hugmyndir og prófa nýjar aðferðir við þjónustu. Þau geta breytt út af venjum og stuðlað að útbreiðslu nýmæla og aukið fjölbreytni þeirrar starfsemi sem í boði er.
67. Samtökum fatlaðra, þ.e. samtökum þar sem fatlaðir hafa sjálfir úrslitaáhrif, á að bjóða virka aðild að því að greina þarfir, tjá skoðanir á forgangsverkefnum, annast um þjónustu, meta árangur og beita sér fyrir breytingum.

Skilningur almennings

68. Þeir sem taka ákvarðanir á öllum stigum, þar með talið í einstökum skólum, eiga reglulega að ítreka stuðning sinn við menntun án aðgreiningar og stuðla að jákvæðum viðhorfum meðal barna, kennara og almennings gagnvart nemendum með sérþarfir á sviði menntunar.
69. Fjölmíðlar geta komið miklu til leiðar og stuðlað að jákvæðum viðhorfum til blöndunar fatlaðs fólks í þjóðfélaginu, sigrast á fordómum og ranghugmyndum og breitt út meiri bjartsýni og víðsýni um hvað fatlað fólk geti gert. Fjölmíðlar geta einnig stuðlað að jákvæðum viðhorfum vinnuveitenda gagnvart því að ráða fatlaða til starfa. Fjölmíðla ber að nota til að upplýsa almenning um ný viðhorf í menntamálum, sérstaklega að því leyti að sérþörfum sé sinnt í almennum skólum, með því að kynna rækilega dæmi um þegar vel er staðið að málum og góð reynsla hefur fengist.

G. Hvað þarf til

70. *Virkasta leiðin til að tryggja menntun öllum til handa er að koma á skólum án aðgreiningar og ber því að taka þá leið upp sem opinbera stefnu og forgangsverkefni. Aðeins með þeim hætti fæst nægilegt fjármagn til viðfangsefnisins. Breytingar á stefnumótun og forgangsröðun hafa því aðeins áhrif að nægilegt fjármagn fylgi. Hér er þörf á eindregnum pólitískum vilja, bæði af hálfu ríkisvaldsins og heimamanna á hverjum stað, svo að framlög verði aukin eins og nauðsynlegt er og kröftum jafnframt beint í nýjan farveg. Heimamenn verða að gegna lykilhlutverki við þróun skóla án aðgreiningar, en jafnframt er óhjákvæmilegt að ríkisvaldið veiti hvatningu og styrk svo að verkefnið verði leyst á skilvirkan hátt með viðráðanlegum tilkostnaði.*
71. Við fjárveitingar til skóla ber að taka raunsætt mið af því hve misjafnlega dýrt er, með tilliti til þarfa barna og aðstæðna, að veita öllum menntun við hæfi. Það getur verið raunhæf byrjun að styrkja þá skóla sem vilja stuðla að námi án aðgreiningar eða koma á staðbundnum tilraunaverkefnum; þannig næst reynsla sem nauðsynleg er til að gera hið sama víðar og útfæra framkvæmdina á almennari hátt. Þegar nám án aðgreiningar er gert að almennri reglu verða fjárframlög og sérhæft starfslíðs að fara eftir viðfangsefnum á hverjum stað.
72. Fé þarf að veita til stoðþjónustu svo að almennir kennarar fái viðeigandi þjálfun og til staðar séu kennslumiðstöðvar, sérkennarar eða kennsluráðgjafar. Þá verður einnig að sjá fyrir þeim hjálparbúnaði sem þörf er á hverju sinni svo að skólakerfi án aðgreiningar geti gert sitt gagn. Menntun án aðgreiningar þarf því að tengjast uppbyggingu stoðþjónustu, bæði fyrir landið í heild og landshluta.
73. Til þess að hafa sem mest áhrif er æskilegt að ráðuneyti og stjórnarskrifstofur (mennta-, heilbrigðis-, velferðar-, vinnumarkaðs- og æskulýðsmála o.fl.), svæðis- og sveitarstjórnir og sérhæfðar stofnanir leggi saman krafta sína hvað varðar mannafla, skipulag, fjármuni, búnað og aðgang að vettvangi. Til þess að taka á sérþörfum nemenda, bæði hvað varðar menntun og félagslega þjónustu, þarf vel virkt stjórnskipulag svo að samvinna megi takast meðal viðkomandi stofnana, bæði á landsgrundvelli og í einstökum byggðarlögum, og opinberir aðilar geti tekið höndum saman við félagasamtök.

III.

**Leiðbeiningar um
aðgerðir á
svæðisbundnum eða
alþjóðlegum grundvelli**

74. *Alþjóðleg samvinna, bæði á vegum stjórnvalda og óopinberra aðila ýmist skipulögð fyrir einstök svæði eða sameiginleg fleiri svæðum, getur gegnt afar veigamiklu hlutverki í að styðja breytinguna til skóla án aðgreiningar. Miðað við fyrri reynslu á þessu sviði er það álitleg leið að alþjóðlegar stofnanir, bæði á vegum stjórnvalda og óháðra aðila, svo og stofnanir sem annast þróunaraðstoð eins ríkis við annað, sameini krafta sína til þess að hrinda í framkvæmd aðgerðum af eftirtöldu tagi.*
75. Rétt er, sérstaklega í þróunarlöndum, að beina tæknilegri aðstoð í þá farvegi þar sem markviss íhlutun getur haft margfeldisáhrif. Eitt mikilvægasta hlutverk alþjóðlegrar samvinnu er að styðja tilraunaverkefni sem stefna að því að prófa nýjar leiðir og efla frekari aðgerðir.
76. Ef nágrannaríki, eða ríki sem fara svipaðar leiðir í málefnum nemenda með sérþarfir, taka upp sérstaka samvinnu sín á milli kunna þau að skipuleggja sameiginlegar aðgerðir í farvegi sem fyrir er, svo sem innan ramma svæðasamvinnu. Slíkum aðgerðum ber að haga þannig að hagkvæmni stærðarinnar nýtist, virkjuð sé reynsla þátttökulanda og ýtt undir möguleika einstakra landa á aðgerðum.
77. Forgangsverkefni, sem alþjóðasamtökum ber að sinna, er að greiða fyrir því að ríki og heimshlutar skiptist á skýrslum, upplýsingum og niðurstöðum tilraunaverkefna á sviði kennslu nemenda með sérþarfir. Um framvindu menntunar og atvinnu án aðgreiningar ber að safna samanburðarhæfum upplýsingum milli landa og verði þær hluti af alþjóðlegu gagnasafni um menntamál. Til að greiða fyrir upplýsingamiðlun mætti koma upp miðstöðvum fyrir takmörkuð svæði. Svæðisbundnar eða alþjóðlegar stofnanir eða samtök ber að styrkja og færa út viðfangsefni þeirra svo að þau nái til sviða eins og stefnumótunar, áætlanagerðar, starfsmannaþjálfunar og mats.
78. Hátt hlutfall allrar fötlunar er beinlínis afleiðing af skorti á upplýsingum, fátækt og ófremdarástandi í heilbrigðismálum. Þar sem fötlðu fólki fer nú fjölgandi, einkum í þróunarlöndum, ætti að efna til samstillts átaks á alþjóðavettvangi, í nánú samstarfi við þá sem að

RAMMAÁÆTLUN UM AÐGERÐIR

málum vinna í hverju landi, með það að markmiði að beita menntun til þess að uppræta orsakir fötlunar. Þannig mætti lækka tíðni fötlunar og að sama skapi draga úr þörf á að nýta takmarkað fjármagn og mannafla landanna.

79. Þar sem alþjóðleg aðstoð, fjárhagsleg og tæknileg, á sviði menntunar nemenda með sérþarfir kemur úr ýmsum áttum, er nauðsynlegt að tryggja að aðgerðir stofnana sem slíku sinna, bæði innan og utan vébanda Sameinuðu þjóðanna, séu samfelldar án þess að skarast um of.
80. Í alþjóðasamvinnu ber að stuðla að svæðabundnu námskeiðahaldi á framhaldsstigi fyrir stjórnendur og aðra sérfræðinga í menntamálum, sömuleiðis að stuðla að samvinnu milli háskóladeilda og starfsmenntastofnana í ólíkum löndum, bæði um framkvæmd samanburðarrannsókna og um útgáfu fræðsluefnis og kennslugagna.
81. Í alþjóðasamvinnu ber að stuðla að því að á fót komist alþjóðleg og heimshlutabundin samtök fagstétta sem vinna að eflingu menntunar nemenda með sérþarfir. Jafnframt ber að stuðla að stofnun og útbreiðslu fréttabréfa eða tímarita og funda- og ráðstefnuhaldi fyrir svæði eða heimshluta.
82. Á alþjóðlegum fundum eða heimshlutafundum, þar sem fengist er við málefni tengd skólamenntun, ber að tryggja að fjallað sé um menntun nemenda með sérþarfir sem heildstæðan þátt, en ekki sem sérstakt viðfangsefni. Svo að ákveðið dæmi sé tekið, ber að setja menntun nemenda með sérþarfir á dagskrá ráðherrafunda fyrir heimshluta sem UNESCO og aðrar alþjóðlegar stofnanir standa fyrir.
83. Alþjóðastofnunum á sviði tæknisamvinnu og fjárhagsaðstoðar, sem eiga þátt í að kosta eða skipuleggja aðgerðir í nafni **menntunar öllum til handa**, ber að tryggja að menntun nemenda með sérþarfir sé heildstæður þáttur hvers þróunarverkefnis.
84. Þörf er á alþjóðlegri samræmingu í samskiptatækni svo að hvarvetna séu sömu kröfur gerðar um aðgengi og þannig styrktir innviðir þess upplýsingakerfis sem farið er að mótast.
85. Þessi **rammaáætlun um aðgerðir** var samþykkt með lófataki eftir að hún hafði verið til umræðu og tekið breytingum á lokafundi ráðstefnunnar 10. júní 1994. Henni er ætlað að vera leiðarvísir fyrir aðildarríki og stofnanir, opinberar sem óopinberar, við framkvæmd **Salamanca-yfirlýsingarinnar um grundvöll, stefnu og framkvæmd í málefnum nemenda með sérþarfir**.